

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Húnaþingi vestra, 29. apríl 2024
Mál nr. 2404117 U.V.H.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál

Á 1212. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 29. apríl 2024 var umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Byggðarráð fagnar framkominni þingsályktunartillögu enda löngu tímabært að skýra regluverk í kringum vinnslu vindorku. Ráðið fagnar sérstaklega grein 1.5 þar sem fram kemur að tryggt verði að lagaumgjörð verði með þeim hætti að endanleg ákvörðun um það hvort uppbygging einstakra virkjunarkosta í vindorku verði settir inn á skipulag sé í höndum viðkomandi sveitarfélags, enda gengi annað gegn skipulagsrétti sveitarfélaga. Í grein 1.6 er fjallað um að stefnt skuli að því að sú verðmætasköpun sem hagnýting vindorku hefur í för með sér skili sér til samfélagsins og tryggi beina og sýnilega hlutdeild í fjökomu starfsmannanna. Byggðarráð telur ástæðu til að sterkar verði að orði kveðið og að í stað þess að „stefnt verði að“ verði tryggt að nærsamfélagið rjóti ábata af rekstri vindmylla. Að öðru leyti telur ráðið ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þingsályktunartillöguna en áskilur sér rétt til umsagnar á seinni stigum málsins.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.